



## UMBOÐSMAÐUR BARNA

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík 1. mars 2021

### **Efni: Frumvarp til laga um breytingu á hjúskaparlögum, nr. 31/1993, með síðari breytingum (skilnaður án undanfara), 190. mál.**

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 25. febrúar sl., þar sem óskað var eftir umsögn umboðsmanns barna um framangreint frumvarp sem var áður lagt fram á 150. löggjafarþingi (79. mál) og því vísar umboðsmaður barna til umsagnar embættisins um það mál sem fylgir hér á eftir. Þá skal sérstaklega áréttað að rangt er með farið í frumvarpinu þar sem segir að börn séu á forræði foreldra sinna. Hið rétta er að barn á lögum samkvæmt rétt á forsjá foreldra sinna, annars eða beggja. Mörg ár síðan forræði var tekið úr íslenskri löggjöf og skipt út fyrir forsjá, í þeim tilgangi að leggja áherslu á umönnunar- og verndarþátt foreldraskyldna í stað foreldravalds.

Með frumvarpinu er lagt til að hjón geti fengið lögskilnað án undanfarandi skilnaðar að borði og sæng séu þau sammála um það og hafi náð samkomulagi um skipan forsjár sameiginlegra barna ef við á. Segir í greinargerð frumvarps að það sé ekki hlutverk hins opinbera að takmarka heimild hjóna til lögskilnaðar ef engir sérstakir hagsmunir eru fyrir hendi sem krefjast þess.

Í frumvarpi þessu er eingöngu litið til þess tíma sem það tekur fyrir hjón að fá lögskilnað, en ef um er að ræða hjón sem eiga saman börn, markar lögskilnaður eingöngu upphaf samvinnu foreldra um uppeldi barna á tveimur heimilum.

Það er brýnt að hjónum sem standa frammi fyrir skilnaði sé veittur stuðningur og ráðgjöf, við að fyrirbyggja eða leysa úr mögulegum ágreiningi og komast þannig í sameiningu að þeirri niðurstöðu sem er best til þess fallin að tryggja hagsmuni og velferð sameiginlegra barna. Þá ber þess að geta að í Danmörku hefur stefnan verið sú að bæta stuðningsþjónustu við einstaklinga í þessari stöðu frekar en að stytta skilnaðarferlið, enda ekki víst að það sé sú leið

sem er best til þess fallin að stuðla að farsælum skilnaði, góðri samvinnu og uppbyggilegum samskiptum í þágu barns.

Ljóst er að íslensk stjórnvöld líta til Danmerkur og hefur tilraunaverkefni um stuðningsþjónustu við foreldra sem standa frammi fyrir skilnaði verið innleitt, en um er að ræða jákvætt og mikilvægt fyrsta skref.

Það er mat embættis umboðsmanns barna að frekar en að ráðast í þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu, þurfi að móta nýja heildarstefnu í þessum málaflokki, þar sem taka þarf til skoðunar auknar fjárveitingar til sýslumannsembætta, fjölgun úrræða og bætt aðgengi að fyrirbyggjandi úrræðum, með hliðsjón af reynslu nágrannalandanna á þessu sviði.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal,  
umboðsmaður barna